

REGLUR

fyrir samvinnunefnd um svæðisskipulag Mýrasýslu 1998-2010.

1. gr.

Samvinnunefnd um gerð svæðisskipulags Mýrasýslu er skipuð tveimur fulltrúum Borgarbyggðar og einum fulltrúa Skipulagsstofnunar með fullum réttindum annarra nefndarmanna öðrum en atkvæðisrétti.

2. gr.

Hlutverk samvinnunefndar er að fella úr gildi svæðisskipulag Mýrasýslu 1998-2010, með síðari breytingum, sbr. 1. mgr. 14. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum.

3. gr.

Fundur er lögmætur ef formaður og helmingur annarra nefndarmanna er viðstaddur. Afl atkvæða ræður úrslitum. Þó getur nefndin ekki ályktað um mál eins sveitarfélags að fulltrúum þess fjarstöddum. Senda skal fundargerðir til nefndarmanna, Skipulagsstofnunar og oddvita sveitarfélagsins.

4. gr.

Þegar samvinnunefnd hefur samþykkt tillögu að niðurfellingu svæðisskipulagsáætlunar skal hún auglýst í Lögbirtingablaði og með áberandi hætti í Borgarbyggð og höfð þar til sýnis ásamt fylgiskjölum í a.m.k. fjórar vikur. Einnig skal tillagan auglýst utan sveitarfélagsins. Áður en tillagan er tekin til formlegrar afgreiðslu í samvinnunefnd fyrir auglýsingu skal hún kynnt á almennum fundi eða á annan fullnægjandi hátt. Að loknum athugasemdafresti sem eigi má vera skemmri en sex vikur tekur nefndin afstöðu til athugasemda og afgreiðir tillöguna til sveitarstjórnar. Að loknum sex vikna athugasemdafresti sveitarstjórnar skal samvinnunefnd afgreiða samþykka tillögu til Skipulagsstofnunar sem gerir tillögu til umhverfisráðherra um lokaafgreiðslu.

5. gr.

Kostnaður sem til fellur vegna vinnu við niðurfellingu á svæðisskipulagi Mýrasýslu 1998-2010 skal skiptast þannig: Skipulagsstofnun 50% og Borgarbyggð 50%.

6. gr.

Stefnt skal að því að samvinnunefndin ljúki störfum fyrir 1. desember 2010. Að rökstuddri beiðni nefndarinnar getur umhverfisráðherra framlengt starfstíma hennar.

7. gr.

Reglur þessar, sem settar eru samkvæmt 4. mgr. 12. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 3. maí 2010.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Sigríður Auður Arnardóttir.